

hennar falli niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Þá ber að dæma ákærða til þess að sæta varðhaldi í 5 mánuði, greiði hann ekki 400.000 krónur innan 4 vikna frá dómsbirtingu og varðhaldi í 7 mánuði, rjúfi hann framangreint skilorð og greiði ekki 1.000.000 króna innan 4 vikna frá því að honum verður tilkynnt, að hinum skilorðsbundna hluta refsingarinnar skuli fullnægt vegna skilorðsrofa.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Björn Pálsson, greiði í sekt til ríkissjóðs 1.400.000 krónur en fresta skal greiðslu 1.000.000 króna af sektinni í 3 ár frá dómsuppsögu og sektin að því leyti niður falla að þeim tíma liðnum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði sæti varðhaldi í 5 mánuði greiði hann ekki 400.000 krónur innan 4 vikna frá dómsbirtingu og varðhaldi í 7 mánuði greiði hann ekki 1.000.000 króna innan 4 vikna frá því að honum verður tilkynnt að hinum skilorðsbundna hluta refsingarinnar skuli fullnægt vegna skilorðsrofa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Mánudaginn 22. desember 1986.

Nr. 78/1985. **Hafnarbíó hf.**

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

og gagnsök

((Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)

Uppboð. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti hefur kveðið upp hinn áfrýjanda úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1985. Dómkröfur hans eru þessar: „Aðalkrafa, að synjað verði um framgang uppboðsins, til vara að uppboðið nái einungis fram að ganga fyrir uppboðskostnaði, 18.334,00 krónum, án vaxta, til þrautavara, að uppboðið nái einungis fram að ganga fyrir 201.938,00 krónum, auk 158.043,00 króna í dráttarvexti til 1. júlí 1984, 3.569,00 krónur í lögtakskostnað og 5.198,00 krónur í innheimtukostnað, en með dráttarvöxtum af 201.938,00 krónum frá 1. júlí 1984 til greiðsludags, auk áfallandi kostnaðar við uppboðið.“ Í öllum tilvikum krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 23. apríl 1985. Hann krefst þess að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur með þeirri breytingu að umbeðið uppboð verði látið fara fram til lúkningar opinberum gjöldum 1983, 369.376,00 krónum auk dráttarvaxta frá 19. júní 1984 til greiðsludags, og til lúkningar á áföllnum og áfallandi kostnaði við uppboðið, þar með töldum 608,00 krónum vegna uppboðskostnaðar á árunum 1980 og 1981. Hann krefst enn fremur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

I.

Hinn 22. júlí 1983 beiddist gagnáfrýjandi þess að seldur yrði á nauðungaruppboði eignarhluti aðaláfrýjanda í fasteigninni Hverfisgötu 54 í Reykjavík til lúkningar ógreiddum fasteignagjöldum hans 1983, að fjárhæð 108.030,00 krónur, ásamt 23.885,00 krónum í dráttarvexti og 44,00 krónum vegna kostnaðar. Með beiðni dagsettri 29. júlí 1983 óskaði gagnáfrýjandi þess að sama fasteign yrði seld á nauðungaruppboði, að undangengnu lögtaki, til lúkningar opinberum gjöldum samkvæmt gjaldheimtuseðlum 1980-1981 að fjárhæð 1.604.280,00 krónur að meðtöldum dráttarvöxtum. Þá krafðist gagnáfrýjandi þess enn fremur hinn 2. desember 1983 að sama fasteign yrði seld á nauðungaruppboði til lúkningar opinberum gjöldum áfrýjanda samkvæmt gjaldheimtuseðlum, er talin voru að höfuðstól

356.370,00 krónur, ásamt dráttarvöxtum að fjárhæð 86.504,00 krónur svo og kostnaði að fjárhæð 3.560,00 krónur. Var vísað til lögtaksgerðar 11. nóvember 1983 sem uppboðsheimildar.

Hinn 27. febrúar 1984 fór fram uppboð á eigninni, en aðaláfrýjandi krafðist annars og síðara uppboðs. Var ákveðið að það færi fram í júní 1984. Áður en til þess kom að hið síðara uppboð væri haldið greiddi þó aðaláfrýjandi í þrennu lagi til gagnáfrýjanda samtals 2.178.274,00 krónur hinn 15. júní 1984. Ritaði hann samdægurs bréf til uppboðshaldara og mótmælti að hið síðara uppboð færi fram þar sem með hinni umræddu greiðslu hefði verið gerð full skil á uppboðskröfunum.

Hinn 26. júní 1984 var uppboðsmálið tekið fyrir í uppboðsréttinum. Áréttaði aðaláfrýjandi mótmæli sín við framgangi uppboðsins. Gagnáfrýjandi hélt við kröfur sínar um að uppboð næði fram að ganga en lækkaði uppboðskröfurnar vegna áður nefndrar greiðslu aðaláfrýjanda í 3.674,00 krónur vegna fasteignagjalda auk dráttarvaxta af þeim frá 31. júlí 1984 svo og innheimtuþóknunar, en í 369.376,00 krónur, auk dráttarvaxta frá 19. júní 1984 og innheimtuþóknunar, vegna vanskila aðaláfrýjanda á opinberum gjöldum frá árunum 1980, 1981 og 1983. Átti ágreiningur aðilja um gjaldskuldirnar að meginstofni rót sína að rekja til þess að gagnáfrýjandi hafði með nánar tilteknum hætti bætt áföllnum dráttarvöxtum við höfuðstól gjaldskulda aðaláfrýjanda við áramót en síðan reiknað sér dráttarvexti af hinum nýja höfuðstól. Greiðsluna frá aðaláfrýjanda hafði gagnáfrýjandi látið ganga upp í gjaldskuldir hans vegna framangreindra ára þannig reiknaðar og eftir þeim reglum sem hann fylgir um færslu innborgana frá gjaldendum upp í gjaldskuldir vegna einstakra ára.

Aðaláfrýjandi reisti andmæli sín við framgangi uppboðsins hins vegar á því að gagnáfrýjanda hefði verið óheimt að lögum að bæta áföllnum dráttarvöxtum við höfuðstól og reikna sér síðan dráttarvexti af hinum nýja höfuðstól svo sem hann gerði. Auk þess greindi aðilja á um nokkur smærri atriði sem ekki verða rakin hér.

Ágreiningsefni aðilja sættu skriflegri sókn og vörn fyrir uppboðsréttinum. Lögðu þeir það í úrskurð uppboðshaldara hinn 1. mars 1985. Hann kvað upp úrskurð sinn 6. mars.

Aðaláfrýjandi hefur nú greitt að fullu fasteignagjöld þau ásamt

dráttarvöxtum, sem hinn áfrýjaði úrskurður tekur til, og sæta þau því ekki ágreiningi fyrir Hæstarétti.

II.

Uppboðshaldara var að vísu ekki skylt samkvæmt 2. mgr. 190. greinar laga nr. 85/1936, sbr. 40. grein laga nr. 28/1981, að láta forsendur fylgja ályktarorði sínu þar sem hvorugur aðilja krafðist þess. Til þess var þó sérstök ástæða svo sem sakarefni var háttað og þar sem um var að ræða úrskurð sem áfrýjun sætir til Hæstaréttar hliðstætt dómi í einkamáli. Þar sem úrskurðurinn þó er án forsendna, svo sem sagt var, bar ríka ástæðu til að greina í ályktarorði fullum stöfum nöfn aðilja uppboðsmálsins, hver eignin var, sem selja skyldi nauðungarsölu, svo og, eins og hér stóð á, hvernig höfuðstóll uppboðskröfunnar skiptist í ógreiddar eftirstöðvar álagðra gjalda annars vegar og dráttarvexti lagða við höfuðstól þeirra eftirstöðva hins vegar, auk umkrafins kostnaðar. Þar sem hinn áfrýjaði úrskurður ber ekkert af þessu með sér þykir eiga að ómerkja hann og vísa málinu heim í hérað til uppsögu úrskurðar að nýju.

Eftir atvikum er rétt að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur og er málinu vísað heim í hérað til uppsögu úrskurðar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 6. mars 1985.

Umbeðið uppboð fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda til lúkningar fasteignagjöldum 1983 kr. 3.674,00 auk dráttarvaxta frá 31/7 '84 til greiðsludags, svo og til lúkningar opinberum gjöldum 1983 kr. 369.376,00 auk dráttarvaxta frá 19/6 '84 til greiðsludags, ennfremur til lúkningar áföllnum og áfallandi kostnaði við uppboðið, þar með töldum kr. 608,00 vegna uppboðskostnaðar árin 1980 og 1981.

Málskostnaður fellur niður.